

# Valsárskóli

## Vorskýrsla fyrir skólaárið 2022-2023

### Með áherslu á innra mat



María Aðalsteinsdóttir

26. maí 2023

|   |    |
|---|----|
| Inngangur   | 4  |
| Stefna skólans  | 5  |
| Starfsþróun og sí- og endurmenntun starfsfólks                                    | 6  |
| Náms- og starfsráðgjöf í Valsárskóla  | 7  |
| Foreldrasamstarf í Valsárskóla  | 8  |
| Helstu tölur  | 11 |
| Fjöldi nemenda  | 11 |
| Fjöldi kennsludaga  | 12 |
| Fjöldi kennslustunda  | 12 |
| Fjöldi viðburða   | 12 |
| Fjöldi ferða  | 13 |
| Tölvubúnaður fyrir nemendur og kennara  | 13 |
| Deiglan - skapandi fjarnám um lifandi samfélag                                    | 14 |
| Innra mat   | 16 |
| Nám og kennsla  | 16 |
| Þáttur 1 - Inntak, árangur, metnaður og framfarir                                 | 16 |
| Þáttur 2 - Fjölbreyttir kennsluhættir og gæði kennslu                             | 19 |
| Samantekt eftir innlit skólastjóra í kennslu og endurgjöf í kjölfarið til kennara | 19 |
| Samræður nemenda í kennslustund   | 19 |
| Leiðsagnarnám   | 20 |
| Stöðvavinna/samvinna  | 20 |
| Virkni nemenda  | 20 |
| Persónumiðað nám og verkefni  | 20 |
| Notkun upplýsingatækni  | 20 |
| Upplifun kennara  | 21 |
| Mannauður   | 22 |
| Þáttur 3 - Fagmennska starfsfólks og samstarf                                     | 22 |
| Þáttur 4 - Starfsánægja, liðsheild, líðan og aðbúnaður á vinnustað                | 23 |
| Stjórnun og skipulag  | 24 |
| Þáttur 5 - Stjórnun skólans   | 24 |
| Þáttur 6 - Skólaþróun og starfsþróun  | 24 |
| Skólabragur   | 25 |
| Þáttur 7 - Viðmót, virðing, viðmót, menning og liðsheild                          | 25 |
| Þáttur 8 - Velferð, vellíðan, heilsuefling, umhyggja, gleði og líðan nemenda      | 25 |
| Þáttur 9 - Samstarf, virkni heimila og skóla                                      | 26 |
| Innra mat   | 27 |
| Þáttur 10 - Framkvæmd innra mats  | 27 |
| Lokaorð   | 27 |

## Inngangur

Skólaárið í Valsárskóla hófst með skólasetningu 22. ágúst 2022. Skólasetning var með hefðbundnum hætti á sal og var ferðasjóður með veitingasölu. Skólastarfið hófst á útivistardögum, svokölluðum haustdögum. Á haustdögum var lögð áhersla á hreyfingu, fræðslu um náttúru og umhverfið, auk samveru. Fyrri daginn voru yngri nemendur útivið í nágrenni skólans og eldri nemendur fóru í ferðir annars vegar á Hauganes í klifurvegg og heitan pott og hins vegar í Vaglaskóg. Árlegri fjallgöngu með alla nemendur var frestað til 30. ágúst vegna veðurs. Þann dag var gengið upp að Hraunsvatni í ágætu verðri.

Skólastjóri hóf vinnu 8. ágúst eftir sumarleyfi og annað starfsfólk mætti til vinnu 15. ágúst. Við hófum vinnuna á starfsdögum með starfsmannafundi, kennarafundum og sí- og endurmenntun. Árlegur samskóladagur var á Stórutjörnum og var hann gagnlegur eins og fyrr bæði til að fræðast og mynda tengsl við fagfólk í öðrum skólum.

Skólanum slitið 2. júní 2023 með hefðbundnum hætti með samkomu á sal og veitingasölu ferðasjóðs.



Í þessari skýrslu er farið yfir helstu þætti í skólastarfinu skólaárið 2022-2023 og lögð áhersla á innra mat í Valsárskóla.



## Stefna skólans

Valsárskóli leggur áherslu á uppbyggingarstefnu, byrjendalæsi, læsi fyrir lífið, útiskóla og grenndarkennslu, þemanám og lýðræðisleg vinnubrögð. Lögð er áhersla á fjölbreytta kennsluhætti í öllum námsgreinum til að koma til móts við ólíkar þarfir nemenda.

Einkunnarorð skólans eru umhyggja, virðing, metnaður og gleði.

Stefna skólans er aðgengileg á heimasíðu skólans

Sjá nánar á: <https://skolar.svalbardsstrond.is/is/valsarskoli/stefnaskolans>

Stefna skólans var endurskoðuð á skólaárinu 2020-2021 og var áhersla þetta skólaárið líkt og á því síðasta að festa stefnuna enn frekar í sessi, skapa umræðu meðal starfsfólks og foreldra og skerpa á ýmsum þáttum. Dæmi um það var námskeið fyrir allt starfsfólk um uppbyggingarstefnuna á starfsdögum í ágúst 2022 og foreldraþing í nóvember 2022, reglulegir starfsþróunarfundir kennara allt skólaárið og sérstök umræða kennara um stefnuna í apríl og maí.

## Starfspróun og sí- og endurmenntun starfsfólks

Allir starfsmenn sóttu fræðslu með SAM skólunum á Stórutjörnum 17. ágúst. Þar fengu kennarar fræðslu frá sérfræðingi hjá Barna- og fjölskyldustofu um farsæld barna og nýleg lög um samþættingu á þjónustu við börn. Einnig fræddu tveir kennarar úr Giljaskóla okkur um nemendastýrð samtöl sem við höfum nú tekið upp. Daginn eftir, eða 18. ágúst, var námskeið um uppbyggingarstefnuna, uppbygging sjálfsaga til ábyrgðar, fyrir alla starfsmenn Valsárskóla og Álfaborgar. Um fræðsluna sá Jón Baldvin Hannesson, grunnskólakennari og fyrrverandi skólastjóri.

Reglulega voru haldnir starfspróunar fundir fyrir alla kennara Valsárskóla. Fyrri hluta vetrar lásu allir kennarar bókina Leiðsagnarnám eftir Nönnu Kristínu Christiansen sem er uppeldis- og menntunarfræðingur og hefur starfað á sviði menntamála í áratugi. Á fundunum ræddum við hvern kafla fyrir sig með það markmið að greina hvað við værum að nota í skólanum og hvort og hvað við vildum taka upp. Fundirnir voru gagnlegir og komu innlegg frá kennurum og góður samræður um nám og kennslu. Á hverjum fundi var skrifuð fundargerð til að halda vel utan um vinnu kennara, hugmyndir og framfarir. Seinni hluta vetrar fórum við í greiningu á stefnu skólans, umræðum um hvað mætti gera betur í skólastarfinu, á hverju þyrfti að skerpa og hvað þyrfti til að virkja ákveðin atriði betur.

Fleiri en einn kennari var í formlegu námi í HÍ t.d. í *Þróunarstarf á vettvangi – Gæði kennslu á unglingsstigi*. Nokkrir kennarar sóttu námskeiðið verndari barna, kennari sótti námskeiðið *unglingaspjall* og fleiri hafa tekið lengri og styttri námskeið.

Skólastjóri og staðgengill skólastjóra eru nú á öðru ári í námi í HA sem heitir Þróunarstarf á vettvangi - Forysta um menntun fyrir alla í lærdómssamfélagi. Námskeiðinu er ætlað að gefa kennurum, stjórnendum og öðrum fagmenntuðum sérfræðingum í menntastofnunum tækifæri til að rannsaka og þróa ýmsar hliðar eigin starfs. Á námskeiðinu vinna þátttakendur að skilgreindu þróunarverkefni á vettvangi. Verkefnið er unnið með leiðsögn og stendur að lágmarki í eitt misseri að meðtöldum undirbúningstíma. Þróunarverkefnið byggist á fræðilegum grunni með hagnýtingu að leiðarljósi. Það felur í sér gerð framkvæmdaráætlunar sem síðan er hrint í framkvæmd, ásamt mati og ígrundun á framvindu og árangri, jafnóðum og í lokin. Flestir skólastjórnendur á svæðinu eru í þessu námi og er samstarfið bæði gefandi og fróðlegt.




## Náms- og starfsráðgjöf í Valsárskóla

Náms- og starfsráðgjafi er í 20% starfshlutfalli, er við einn dag í viku og þjónar bæði leik- og grunnskóla. Námsráðgjafi situr í nemendaverndarráði og forvarnarteymi skólans og vinnur í nánú samstarfi við stjórnendur, starfsmenn skólana og foreldra auk skólasálfræðings og fleiri sérfræðinga er koma að málefnum nemenda. Einnig hefur hann það hlutverk að vera virkur í að sækja endurmenntun og vera vakandi fyrir því sem getur haft áhrif á velferð barna. Í Valsárskóla voru um 57 nemendur í vetur. Námsráðgjafi hitti 26 nemendur og heldur fleiri drengi en stúlkur. Veitt voru rúmlega 60 persónuleg viðtöl ásamt því að unnið var með félags- og samskiptahæfni.

Nemendur í 9. og 10. bekkur fengu fræðslu um áhugasvið og tóku nemendur í 10. bekk áhugasviðskönnun Bendils og nemendur í 9. bekk áhugasviðskönnun inn á Stefnan sett. Forvarnir gegn kynferðisofbeldi var í 3. og 4. bekk og horfðu nemendur á teiknimyndina Leyndarmálið - segjum nei, segjum frá og unnu verkefni í tengslum við fræðsluna. Einu sinni í viku kenndi námsráðgjafi ásamt skólastjóra í 1.-2. bekk núvitund og tilfinningastjórn í gegnum söguna um Búkollu og í 3.-4. bekk fengu nemendur kennslu í ART einu sinni í viku. ART skiptist í þrjá megin þætti: Félagshæfni sem er atferliþáttur þessa efnis, sjálfsstjórnun (reiðistjórnun) er þáttur sem tengist tilfinningum og þjálfun í siðferði höfðar til röksemdarfærslu og vitsmuna. Nemendur í 7.-8. bekk fengu fræðslu um ADHD og styrkleika og mikilvægi þess að rækta styrkleika sína.

Náms- og starfsráðgjafi veitti ráðgjöf og var með handleiðslu fyrir starfsfólk í báðum skólum. Á vordögum var námsráðgjafi síðan með námskeið Verndarar barna fyrir starfsfólk Valsárskóla. Einnig var hann til staðar fyrir foreldra og veitti ráðgjöf til þeirra sem eftir því leituðu.

Áfram verður unnið með það að kenna aðferðir og leiðir í skólanum sem gefa börnum færi á að þroska færni sína til að takast betur á við kröfur daglegs lífs og þannig unnið að markmiðum sínum og geti aukið lífsgæði sín og hamingju.



## Foreldrasamstarf í Valsárskóla

Í skólanum viljum við vera í góðum samskiptum við foreldra og eru hér að neðan dæmi um viðburði og fasta liði í skólastarfinu sem tengjast því. Við leggjum áherslu á að foreldrar séu alltaf velkomnir í skólann.

Við skólann starfar skólaráð og foreldrafélag. Skólaráð fundar þrisvar á vetri og er hægt að lesa reglur um starfsemi þess og fundargerðir hér:

<https://skolar.svalbardsstrond.is/is/skolinn/nefndir-og-rad-1/skolarad>

| Viðburður/upplýsingar samstarf   | Tími               |                    |
|--|--------------------|--------------------|
| Skólasetning á sal og veitingasala ferðasjóðs  | 22. ágúst 2022     | Á skóladagatali    |
| Haustfundir, kynning og samræður um nám og kennslu í námshópum með umsjónarkennara og í sumum tilfellum faggreinakennum. | 15. september 2022 | Árlega í september |

|  |                                      |                                      |
|--|--------------------------------------|--------------------------------------|
| <p>Foreldraþing, er haldið til að fá fram sjónarmið og hugmyndir foreldra er varðandi skólastarfið til að þeir geti haft áhrif um ýmis mál er snerta starf skólans. Fyrirkomulagið var þannig að við skiptum fundartímanum niður í nokkur umræðu tímabil. Nokkur málefni voru rædd málefni og gat hver fundargestur valið sér þau málefni sem hann hafði mestan áhuga á að ræða. Við lok hvernar umræðu var stutt samantekt.</p> <p>Dæmi um umræðuefni:</p> <p>Nemendastýrð samtöl á samtals dögum</p> <p>Síma- og netnotkun í skólanum</p> <p>Ofbeldi og mörk</p> <p>Jákvætt við Valsárskóla</p> <p>Árangur nemenda og tengsl við framhaldsskóla.</p> <p>Efla læsi almennt - átak</p> <p>Fyrir þingið var kallað eftir umræðuefnum frá foreldrum.</p> | 15. nóvember 2022                    | Árlegur viðburður, annað árið í röð. |
| Samtalsdagar, nemendastýrð samtöl.   | 19. október 2022<br>21. febrúar 2022 | Á skóladagatali                      |
| Ársháttíð Valsárskóla  | 30. mars 2023                        | Á skóladagatali                      |
| Skólaslit  | 2. júní 2023                         | Á skóladagatali                      |
| Föstudagspóstur, frá umsjónarkennara námshópa til  | Vikulega á starfstíma skólans        | Fastur liður                         |



|   |                              |              |
|---|------------------------------|--------------|
| foreldra með upplýsingum um nám, kennslu og skólastarfið.                                   |                              |              |
| Póstar frá skólastjóra til allra foreldrar er sendir reglulega er varðar allt skólastarfið. | Reglulega frá ágúst til júní | Fastur liður |
| Heimasíða skólans   | Alltaf aðgengilega           |              |
| Facebook síða skólans   | Alltaf aðgengileg            |              |

Nánari upplýsingar eru hægt að sjá hér:

<https://skolar.svalbardsstrond.is/is/valsarskoli/foreldrar>

<https://skolar.svalbardsstrond.is/is/valsarskoli/skolastarfid/samstarf-heimila-og-skola>



# Helstu tölur

## Fjöldi nemenda

Skólaárið 2022-2023 voru 58 nemendur í skólanum þegar mest var. Nemendum var kennt í 5 námshópum þar sem samkensla er milli árganga. Hér er yfirlit yfir fjölda í bekkjum og kyn.

| Námshópur       | Stúlkur   | Drengir   | Samtals   |
|-----------------|-----------|-----------|-----------|
| 1.- 2. bekkur   | 4         | 9         | 13        |
| 3. - 4. bekkur  | 1         | 7         | 8         |
| 5. - 6. bekkur  | 7         | 10        | 17        |
| 7. - 8. bekkur  | 6         | 6         | 12        |
| 9. - 10. bekkur | 3         | 5         | 8         |
| <b>Samtals</b>  | <b>21</b> | <b>37</b> | <b>58</b> |

Hægt er að sjá upplýsingar um samkenslu í Valsárskóla:

<https://skolar.svalbardsstrond.is/is/valsarskoli/skolastarfid/serstada>

## Fjöldi starfsmanna

Kennarar sem starfa við Valsárskóla eru 9, þar af er einn skólastjóri og staðgengill skólastjóra. Auk kennara starfa við skólann 3 stuðningsfulltrúar í hlutastarfi og 2 skólaliðar annar í hlutastarfi. Í mötuneyti starfa 2 starfsmenn og er mötuneytið samrekið með leikskólanum Álfaborg. Náms- og starfsráðgjafi vinnur hjá okkur einn dag í viku. Hjúkrunarfræðingur kemur u.þ.b. tvisvar í mánuði frá HSN og sinnir heilsuvernd skólabarna. Í skólanum starfar frístund sem heitir Vinaborg og er annar skólaliðinn umsjónarmaður frístundar og annar skólaliði kemur inn í hlutastarf til að vinna í Vinaborg.

Nánari upplýsingar á eftirfarandi slóðum:

<https://skolar.svalbardsstrond.is/is/skolinn/starfsfolk>

<https://skolar.svalbardsstrond.is/is/thjonusta/namsradgjafi>

<https://skolar.svalbardsstrond.is/is/thjonusta/skolahjukrun>

## Fjöldi kennsludaga

Kennsludagar í Valsárskóla eru 180 eins og lög og reglur gera ráð fyrir. Þetta skólaárið féll enginn dagur niður hvorki vegna veðurs né sóttvarna.



## Fjöldi kennslustunda

Vikulegur kennslustundafjöldi er 20 kennslustundir í 1. - 4. bekk og 24 kennslustundir í 5. - 10. bekk. Allar kennslustundir eru 60 mínútur. Þannig má reikna út að hver nemandi í 1. - 4. bekk fer í 720 kennslustundir á skólaárinu og hver nemandi í 5. - 10. bekk sækir 864 kennslustundir. Sjá nánar á: <https://skolar.svalbardsstrond.is/is/valsarskoli/skolastarfid/stundatoflur-nemenda-2020-2021>

## Fjöldi viðburða

Skólastarf er ekki eingöngu kennslustundir og eru margskonar viðburðir fastir liðir í skólastarfinu. Dæmi um það eru haustdagar, vordagar, dagur íslenskrar náttúru, hrekkjavökuhátið, dagur íslenskar tungu, fullveldisdagurinn, samskóladagar, skíðadagur, jólaþema, litlu jól, árshátíð,

Safnasafnsdagurinn og fleira. Flestir þessir dagar eru undirbúnir með þátttöku nemenda og er undirbúningur fyrir árshátíð fyrirferðamestur og tekur oftast nokkrar vikur.

Við höldum tvær rýmingaræfingar á skólaárinu og gengu þær vel. Seinni æfingin var óundirbúin og án vitundar starfsfólks og nemenda. Það tók aðeins tvær mínútur að rýma skólann á seinni æfingunni.

## Fjöldi ferða

Nemendur fóru í nokkrar ferðir bæði í minni hópum og með öllum skólanum. Nemendur í 5. - 6. bekk fóru til dæmis á Hælið, setur um sögu berklanna, Listasafnið og á kaffihús. Nemendur í Útivistarvali fóru m.a. í gönguferð að Aldeyjarfossi, Ingvarafossi og Hrafnabjargarfossi. Þau fóru líka í Mývatnssveit, í gönguferð upp á Haus, Kjarnaskóg upp í Gamal og gönguferð í Vaðlaheiði.

Allur skólinn fór í fjallgöngu upp að Hraunsvatni á haustdögum, á skauta og á Nökkva á vordögum og í skíðaferð í Hlíðarfjall. Samskólastarfið er að lifna við eftir samkomutakmarkanir og fengum við gesti frá Grenivík, Þelamörk og Stórutjörnum. Okkar nemendur fóru í Stórutjarnir og á Þelamörk. 7.-10. bekkur fór einnig í árlega ferð á Lauga en skólinn hefur síðustu ár boðið nemendum úr nágrennskólum á íþróttadag og kynningu á skólanum.

## Tölvubúnaður fyrir nemendur og kennara

Allir kennarar eru með nýlega fartölvur og á þessu skólaári keyptum við sjónvörp í stað skjávarpa í tvær kennslustofur. Þannig getum við varpað efni til náms og kennslu í snjallsjónvörp. Nú hafa allir nemendur í 5. - 10. bekk Croombook vél til afnota allan skóladaginn. Þær vélar eru geymdar í tveimur hleðsluskápum og bera nemendur ábyrgð á „sinni” vél. Yngri nemendur hafa til afnota PC vélar og Croombook vélar samtals 13 vélar. Skólinn á 9 nýlega iPada og 5 eldri iPada og á þessu ári keyptum við 15 iPada sem eru ætlaðir fyrir 1. - 2. bekk.



## Deiglan - skapandi fjarnám um lifandi samfélag

Við fengum styrk frá Rannís úr sjóði sem heitir Sprotasjóður ásamt Þelamerkurskóla, Hrafnagilsskóla og Grenivíkurskóla. Verkefnið kölluðum við „Deiglan” og er markmiðið að vinna saman að utankomandi fræðslu og heimsóknum. Hér er yfirlit yfir hvernig við höfum nýtt styrkinn og hvaða fræðslu/verkefni við höfum unnið með okkar nemendum á skólaárinu í því samhengi.

| Efni  | Nemendur   | Tími           | Fyrir starfsfólk og foreldra                     |
|---|--|----------------|--|
| Þemadagur með fræðslu frá fulltrúa Samtakan 78 umfjölbreytileika                  | Allir nemendur í Valsárskóla og allir nemendur í Grenivíkurskóla | september 2022 | Boðið upp á fræðslu fyrir starfsfólk og foreldra |
| Karlmennskan, myndband með fræðslu og umræða um staðalmyndir og jafnrétti kynjana | Nemendur í 7. - 8. bekk og 9. - 10. bekk                         | nóvember 2022  |  |

|  |   |             |   |
|--|---|-------------|---|
|  |   |             |   |
| Fræðsla frá Tourette-samtökunum  | Fulltrúi frá samtökunum kom og fræddi nemendur í 5. - 10. bekk um Tourette, samskipti, einelti og fleira. | janúar 2023 |   |
| Geðrækt, heimsókn frá Grófinni - geðrækt á Akureyri<br>Heimsókn ráðgjafa í kennslustund                | Nemendur í 7. - 10. bekk í Valsárskóla  | maí 2023    |   |
| Forvarnir gegn ávana- og fíkniefnum.<br>Fræðsla frá forvarnafulltrúa lögreglunnar á Norðurlandi eystra | Nemendur í 7. - 10. bekk í Valsárskóla  | maí 2023    | Boðið upp á fræðslu fyrir starfsfólk og foreldra í fjarfundarbúnaði |

## Innra mat

Innra mat er virkt í skólanum og eru sumir þættir metnir árlega en aðrir reglulega, sjá mynd hér að neðan. Þar sést að í þessari skýrslu er sjö þættir metnir. Áætlunin er tilbúin til ársins 2024 og er hún unnið út frá matlista MMS og skólafélags sveitarfélagsins samþætt matinu og eru áherslur þættir sveitarfélagsins feitletraðir.


| <b>Viðfangsefni</b>   |                  |                  |                  |
|---|------------------|------------------|------------------|
| <b>Nám og kennsla</b>   | <b>2020-2021</b> | <b>2021-2022</b> | <b>2022-2023</b> |
| Inntak, árangur, metnaður og framfarir                                    | x                | x                | x                |
| Skipulag náms og námsumhverfi, umhverfi og heimabyggð                     |                  | x                |                  |
| Fjölbreyttir kennsluhættir og gæði kennslu                                | x                |                  | x                |
| Námshættir, námsvitund, sjálfskraust og leiðtogasamfélag                  |                  | x                |                  |
| Lýðræðisleg vinnubrögð, þátttaka og ábyrgð nemenda                        | x                |                  |                  |
| Skóli án aðgreiningar og fjölbreytt samfélag                              |                  |                  |                  |
| Viðburðir og uppbrot  | x                |                  |                  |
| <b>Mannauður</b>  |                  |                  |                  |
| Fagmennska starfsfólks og samstarf  | x                |                  | x                |
| Starfsánægja, líðan, liðsheild, líðan og aðbúnaður á vinnustað            | x                |                  | x                |
| <b>Stjórnun og skipulag</b>   |                  |                  |                  |
| Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi  | x                |                  |                  |
| Stjórnun skólans  | x                |                  | x                |
| Faglegt samstarf  |                  | x                |                  |
| Skólaþróun og starfsþróun   |                  |                  | x                |
| Skóladagur nemenda, skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglu | x                |                  |                  |
| <b>Skólabragur</b>  |                  |                  |                  |
| Viðmót, virðing, samskipti, menning og liðsheild                          | x                | x                | x                |
| Velferð, vellíðan, heilsuefling, umhyggja, gleði og líðan nemenda         | x                | x                | x                |
| Samstarf og virkni heimila og skóla                                       | x                |                  | x                |
| <b>Innra mat</b>  |                  |                  |                  |
| Framkvæmd innra mats  | x                |                  | x                |
| Umbótastarf í kjölfar innra mats  | x                | x                |                  |

## Nám og kennsla

### Þáttur 1 - Inntak, árangur, metnaður og framfarir

Skólagátt MMS Menntamálastofnunar heldur utan um árangur í lestri í grunnskólum á Íslandi. Þrisvar á ári eru nemendur prófaðir og myndast þannig lesferill. Lesferill er heiti á matstæki sem unnið var af læsisteymi Menntamálastofnunar í samstarfi við aðra sérfræðinga stofnunarinnar. Lesferli er ætlað að meta grunnþætti læsis s.s. lesfimi, lesskilning, ritun, orðaförða og málskilning. Áætlunin er að Lesferill spanni frá 6 til 16 ára aldurs.


Hér fyrir neðan er mynd sem sýnir lesin orð á mínútu hjá nemendum í Valsárskóla í maí 2023. Þar sést að 5 árgangar af 10 eru í eða yfir landsmeðaltali. Þar sem árgangar hjá okkur er fámennir eru sveiflur milli árganga eðlilega miklar. Það ber að taka fram að hraðapróf í lestri eru mjög umdeild og leggjum við í Valsárskóla mun meira upp úr lesskilningi en leshraða.




Námsmat nemenda er skráð reglulega inn í Mentor og er þar aðgengilegt bæði nemendum og foreldrum auk þess sem námsmat er rætt á samtalsdögum. Skólinn leggur áherslu á leiðbeinandi mat og hugarfar vaxtar þannig að nemendur fá leiðsögn jafnt og þétt við nám sitt. Við skólaslit fengu allir nemendur vitnisburðarblað með lokamati og umsögn.

Metnaður nemenda til náms má m.a. skoða með því að horfa á þrautseigju í námi. Skólapúlsinn kannar þrautseigju og samkvæmt svörum nemenda í Valsárskóla er hún örlítið undir landsmeðaltali hér. Munurinn er þó ekki tölfræðilega marktækur. Sama er að segja um trú á eigin vinnubrögðum. Áhugi á stærðfræði er yfir landsmeðaltali og hefur trú nemenda á eigin námsgetu aukist.



1.2. Þrautseigja í námi – Röðun







1.6. Trú á eigin námsgetu – Röðun









Foreldrar svöruð þetta árið Skólapúls könnun og mátu þeir nám og kennsla í skólanum hátt og er það mat tölfræðilega marktækt Valsárskóla í hag. Námsefni er einnig metið hæfilega þungt. Agi í skólanum er metinn góður og er það í fullu samræmi við svör nemenda. Stjórn skólans er metin góð samkvæmt svörum foreldra.





## Þáttur 2 - Fjölbreyttir kennsluhættir og gæði kennslu

Skólastjóri fór í innlit til allra kennara til að gefa endurgjöf á kennslu. Matslisti var unnin fyrirfram út frá hugmyndum Conner & Froehle (2022). Sú nálgun byggir á þeim hugmyndum að stjórnandi gefi endurgjöf sem fær kennara til að ígrunda eigin nálgun í kennslu. Þannig á að varpa ljósi á vinnubrögð kennara, skilning á styrkleikum í kennslu, þörfum kennara og hvað er hægt að gera betur til að efla nám og kennslu. Í þetta skipti var horft á sex þætti sem eru samræður nemenda í kennslustund, leiðsagnarnám, stöðvavinna, vinna nemenda, einstaklingsmiðað nám og verkefni og notkun upplýsingatækni. Þessir þættir eða þrep voru metnir eftir gæðum/dýpt. Í sumum tilfellum áttu ekki allir þættir við vegna eðli verkefna. Hér er skjáskot af matsblaði sem var notað.

|   |   |   |   |  |
|---|---|---|---|--|
| <b>Tími:</b> _____<br><b>Kennari:</b> _____ |   |   |   |  |
| <b>Samræður nemenda í kennslustund</b>      | Djúpar samræður um fókis málsetni   | Samráð nemanda á milli og aðstoð með efnið í huga   | Spjall um efnið og svo einstaklingsvinna                      | Engar samræður um efnið                                  |
| <b>Leiðsagnarnám</b>                        | Framlag og þátttaka allra nemenda og kennari getur meðal skilning og læmi jafnþótt og getur endurgjöf | Kennari getur leiðbeiningar jafnþótt þannig að nemendur geta unnið skilning á þess að leita spjall lausna | Sumir virki og ferð yfir verkefni og próf þegar þeim er lokið | Engöngu tókmat og ekki tæklaði til að bæta vinnu eða nám |

|                      |  |  |   |  |
|----------------------|--|--|---|--|
| <b>Stöðvavinna</b>   | Markmið á síðlum skýr og nemendur vinna í höndum og alfr nemendur virki                                  | Töluverð samvinna og ekkí kraf um að alfr síni maternó óljós                   | Tími of stuttur eða nemendur þurfa að bóla og vantar verkefni | Nemendur sjá saman en vinna alfr einstaklingslega og vinna upplýsingar verkefni                        |
| <b>Vinna nemenda</b> | Nemendur gera lagðu greina koma að niðurstöðu og vinna úrlausn sem getur átt við raunverulega vöðakendur | Nemendur hafa áhrif á hvernig þeir fást við verkefni og hvernig þeir móla þeim | Nemendur finna svör við spurningum beint úr texta             | Létt verkefni sem hafa ekki tengingu við raunveruleikann. Lítið mál á vinnuleið og engöngu kennari sér |

|                                    |  |  |   |  |
|------------------------------------|--|--|---|--|
| <b>Persónulega nam og verkefni</b> | Nemendur veita sér efr. skapleg og selja fram lögðu, grana koma að niðurstöðu og vinna úrlausn sem getur átt við raunverulega vöðakendur | Nemendur hafa áhrif á hvernig þeir fást við verkefni og hvernig þeir móla þeim | Nemendur finna svör við spurningum beint úr texta   | Létt verkefni sem hafa ekki tengingu við raunveruleikann. Lítið mál á vinnuleið og engöngu kennari sér |
| <b>Notkun upplýsingatækni</b>      | Upplýsingatækni er notuð til að aðlagja kennslu, spilla gögnum, veita endurgjöf, fjölbreytt móla o.s. fr.                                | Upplýsingatækni er notuð í ýmsa vinnu en vinnu hafið að föga tæklaðum.         | Rafnar gagna á sama formi og í d. bæta. Upplýsingatækni er í d. ekki notuð þegar það væri kjör. | Upplýsingatækni er ekki notuð  |

## Samantekt eftir innlit skólastjóra í kennslu og endurgjöf í kjölfarið til kennara

### Samræður nemenda í kennslustund

Í öllum kennslustundum voru samræður nemenda flokkaðar í efstu þrjá flokkana. Þannig var samráð milli nemenda og aðstoð kennara með efnið í huga. Stundum var spjall um efnið og svo einstaklingsvinna. Alltaf voru einhverjar samræður um efnið og í einu tilfelli náðust samræður á hæsta

stig. Nemendur voru oft hvattir til að hjálpast að og stundum spurði kennari opinna spurninga og náðu þannig fram umræðum meðal nemenda.

### **Leiðsagnarnám**

Í öllum kennslustundum var sýnilegt leiðsagnarnám þar sem kennarar notuð leiðbeiningar jafnóðum til að nemendur gætu unnið áfram í sínum verkefnum. Greinilegt var að nemendur vissu oftast vel til hvers var ætlast og kennarar gáfu skýrar leiðbeiningar, skýr fyrirmæli, gefin voru dæmi, sýnishorn og bent á góðar leiðir til að læra og vinna. Eldri nemendur fengu verklýsingar í þremur tilfellum og voru þær ýmist á blöðum eða á svæði nemenda í Google Classroom.

### **Stöðvavinna/samvinna**

Stöðvavinna var í gangi í tveimur tilfellum, paravinna í þremur tilfellum og einstaklingsvinna hjá öðrum. Þar sem stöðvavinna var í gangi voru verkefni skýr, nemendur unnu í hópum og allir voru virkir. Þar sem nemendur unnu í pörum var töluverð samvinna, flestir voru virkir en sumir þurftu stuðning frá kennara við að komast af stað. Það kom líka fyrir að nemendur væru að vinna hver fyrir sig en ákveðið samráð var í gangi.

### **Virgni nemenda**

Þegar vinna nemenda var metin þá höfðu nemendur oft áhrif á hvernig þeir fengust við verkefni og líka stundum hvernig þeir miðluðu þeim. Eldri nemendur höfðu tækifæri til að draga ályktanir eftir að hafa prófað sig áfram og fundið leið og/eða niðurstöður. Stundum unnu nemendur einir eða í pörum samkvæmt áætlunum. Ákveðin sköpun sást í tveimur tilfellum og beiting greina.

### **Persónumiðað nám og verkefni**

Það sást að nemendur höfðu töluverð áhrif á hvernig þeir unnu í kennslustundum. Þannig gátu nemendur t.d. valið hvað þeir voru lengi á ákveðnum stöðvum í íþróttum. Þeir unnu samkvæmt áætlun í námsgreinum og gátu unnið á eigin hraða. Nemendur voru oft hvattir til að sækja sér bjargir s.s. vasareikna og finna upplýsingar.

### **Notkun upplýsingatækni**

Upplýsingatækni var notuð í mörgum kennslustundum. Nemendur fengu t.d. verkefnalýsingar í gegnum Google Classroom, þeir settu verkefni upp í tölvu, þeir fundu þýðingar á orðum í tölvu og nýttu „Gyldendal” (stærðfræði) verkefni í iPad. Kennarar sýndu myndbönd og vörpuðu upp leiðbeiningum. Skólastjóri sá skýrt dæmi hvernig tæknin var notuð þegar allir nemendur voru með vél með sama texta þegar verið var að æfa fyrir árhátíð og greinilegt er að nemendur eru nokkuð tæknifærir.

## Upplifun kennara


Til að innlit skólastjóra skili árangri þarf endurgjöfin að vera markviss og styðja við fagmennsku kennara. Til að meta þá vinnu og til að safna upplýsingum svöruðu allir kennarar nokkrum spurningum.

Allir kennarar voru sammála um að innlitið skipti máli varðar fjölbreytni og gæði kennslu. Þannig veitti innlitið ákveðið aðhald. Nokkrir nefndu að innlitið og umræða í kjölfarið gætu komið í veg fyrir að þeir festust í einhæfri vinnu. Endurgjöf var talin mikilvæg sérstaklega þar sem kennarar eru stundum nokkuð einir í sínu starfi, sérstaklega í fámenni. Innlit skólastjóra væri hvetjandi og hvatning til að huga að skipulagi og innra starfi. Kennari benti á að innlitið fengið hann til að muna eftir að hafa skipulag á kennslunni sýnilegt í stofunni og sem væri gott fyrir alla, bæði nemendur og kennara. Það kom fram að innlitið gæfi tækifæri til þess að ræða um nám, skilning nemenda, þátttöku nemenda í verkefnum, uppbygging kennslustunda o.fl.

Kennarar töldu að allt sem stuðlaði að ígrundun á eigin kennslu stuðlaði að fagmennsku kennara. Það kom einnig fram að kennarar færu í ákveðna sjálfsskoðun um kennsluna og samskipti sín við nemendur sem allir hefðu gott af.

Endurgjöfin var talin jákvæð, nokkuð ítarleg og gagnleg. Kennarar töldu að innlit og endurgjöf á kennsluna mætti vera oftar á skólaárinu. Jákvæðni var yfir því að nota matslista líkt og notaður var þar sem hann gæfi bæði tilefni til ígrundunar og minnti á mikilvæga þætti í námi og kennslu. Nokkrir kennarar eru tilbúnir að fara í innlit hjá hvor öðrum og hafa sumir sýnt áhuga á að nota fyrirkomulag sem nefnist rannsóknarkennslustund.

Gæði kennslu er hægt að meta á fleiri vegu og er svör foreldra okkur mikilvæg. Eins og áður hefur komið fram svöruðu foreldrar í Skólapúls þeirri spurningu mjög jákvætt.




## Mannauður


### Þáttur 3 - Fagmennska starfsfólks og samstarf

Skólapúlsinn sýnir að foreldrar í Valsárskóla meta samstarf við skólann, kennara og annað starfsfólk gott. Þannig er ábendingum foreldra teknar til greina, foreldrar hafa áhrif á ákvarðanir er varða þeirra börn og eru upplýstir um stefnu skólans og námskrá. Sjá myndir hér að neðan.


4.3. Leitað eftir tillögum frá foreldrum og ábendingar teknar til greina – Röðun




4.2. Áhrif foreldra á ákvarðanir varðandi nemendur – Röðun



4.11. Foreldrar upplýstir um stefnu skólans og námskrá – Röðun




4.4. Ræktun mannaúðs – Röðun\*




Kennarar eru ánægð með starfið sitt í skólanum og telur starfsfólk að velferð þeirra sé í fyrirrúmi á vinnustaðnum. Fólk telur sig hæft til starfa og er þau svör langt fyrir ofan það sem almennt gerist.

2.1. Leikni í starfi – Röðun\*



5.1. Ánægja með kennarastarfið – Röðun\*



## Þáttur 4 - Starfsánægja, liðsheild, líðan og aðbúnaður á vinnustað

Allt sem tengist vinnustaðnum er metið jákvætt og er sérstaklega ánægjulegt að allir þeir þættir eru hærri en gengur og gerist í samanburði. Þannig telst starfsandi góður, vinnuaðstaða góð, stuðningur góður og mismunur ekki til staðar. Þannig má draga þá ályktun að liðsheild sé góð og samvinna ríkjandi.

| Matsþættir ↑↓                      | Niðurstaða | N  | Breyting | Landið | N     | Mismunur |
|------------------------------------|------------|----|----------|--------|-------|----------|
| 3.1. Starfsandi                    | 6,9        | 17 | -        | 5,4    | 1.539 | 1,5*     |
| 3.2. Ánægja með vinnuaðstöðu       | 6,2        | 17 | -        | 5,0    | 1.502 | 1,2*     |
| 3.3. Stuðningur frá samstarfsfólki | 6,7        | 17 | -        | 5,3    | 1.532 | 1,4*     |
| 3.4. Stuðningur við nýsköpun       | 7,1        | 17 | -        | 5,2    | 1.529 | 1,9*     |
| 3.5. Mismunur                      | 3,6        | 17 | -        | 4,8    | 1.529 | -1,2*    |




Það er jákvætt að kennarar og starfsfólk telur sig fá stuðning vegna nemenda með námserfiðleika, vegna hegðunarerfiðleika og að þeir fái faglegan stuðning.

| Matsþættir ↑↓   | Niðurstaða | N | Breyting | Landið | N   | Mismunur |
|---|------------|---|----------|--------|-----|----------|
| 6.1. Stuðningur við kennara vegna nem. með námserfiðleika | 7,5        | 8 | 3,8      | 5,5    | 776 | 2,0*     |
| 6.2. Stuðningur við kennara vegna hegðunarörðugleika nem. | 8,1        | 8 | 3,7      | 5,4    | 766 | 2,7*     |
| 6.3. Faglegur stuðningur skólastjóra við kennara          | 7,6        | 9 | 1,3      | 5,3    | 857 | 2,3*     |

## Stjórnun og skipulag

### Þáttur 5 - Stjórnun skólans

Stjórnun skólans kemur vel út bæði samkvæmt svörum starfsfólks og foreldra. Stjórnunin er bæði metin sanngjörn og valdeflandi.



### Þáttur 6 - Skólaþróun og starfsþróun

Starfsþróun var virk í skólanum bæði á haust- og vordögum þegar allt starfsfólk hefur sameiginlega starfsdaga. Auk þess voru haldnir reglulegir starfsþróunar fundir sjá bls. 5 og margir kennarar eru að taka nám og námskeið yfir veturinn. Samkvæmt svörum starfsfólks telur það ekki þörf á meiri sí- og endurmenntun.

## Skólabragur

### Þáttur 7 - Viðmót, virðing, viðmót, menning og liðsheild

Skólabragurinn er metinn álíka og í öðrum skólum á landinu en samsömun við nemendahópinn er örlítið lægri en annars staðar. Samband við kennara er í meðaltali, agi er metinn góður, virkni nemenda í kennslustundum er góð og tíðni leiðsagnarmats er metið jákvætt. Það er sérlega ánægjulegt þar sem við höfum verið að vinna með leiðsagnarmat í starfsþróun.

| Matsþættir ↑↓                      | Niðurstaða | N  | Breyting | Landið | N      | Mismunur |
|------------------------------------|------------|----|----------|--------|--------|----------|
| 3.1. Samsömun við nemendahópinn    | 4,4        | 21 | -0,4     | 4,7    | 16.984 | -0,3     |
| 3.2. Samband nemenda við kennara   | 4,7        | 21 | -0,3     | 4,7    | 17.199 | 0,0      |
| 3.3. Agi í tímum                   | 5,5        | 21 | 0,3      | 4,8    | 17.163 | 0,7*     |
| 3.4. Virk þátttaka nemenda í tímum | 4,9        | 21 | -0,7     | 4,8    | 17.107 | 0,1      |
| 3.5. Tíðni leiðsagnarmats          | 5,3        | 21 | 0,7      | 4,8    | 17.117 | 0,5      |

Foreldrar eru ánægðir með samskipti starfsfólks við nemendur og eru þau með því sem best gerist samkvæmt skólaupúlsum. Sá þáttur kom einnig vel út hjá nemendum.

2.1. Ánægja foreldra með samskipti starfsfólks við nemendur – Röðun\*




### Þáttur 8 - Velferð, vellíðan, heilsuefling, umhyggja, gleði og líðan nemenda

Velferð nemenda og líðan kemur vel út samkvæmt bæði foreldrum og nemendum. Einn þáttur er þó ekki eins jákvæður og er það líðan nemenda í kennslustundum. Svör foreldra benda til þess að líðan í kennslustundum sé örlítið undir meðaltali. Munurinn er ekki tölfræðilega marktækur en tilefni til að skoða hvað veldur. Aðbúnaður í skólanum er metinn hátt og trónir mötuneytið okkar á toppnum á Íslandi skv. svörum foreldra.




| Matsþættir ↑↓  | Niðurstaða | N     | Breyting | Landið | N         | Mismunur |
|--|------------|-------|----------|--------|-----------|----------|
| 2.1. Ánægja foreldra með samskipti starfsfólks við nemendur        | 5,3        | 29    | -0,2     | 4,6    | 4.870     | 0,7*     |
| 2.2. Ánægja foreldra með hve vel skólinn mætir þörfum nemenda      | 100,0%     | 31    | 3,3%     | 86,2%  | 4404/5085 | 13,8%*   |
| 2.3. Líðan nemenda í skólanum að mati foreldra almennt             | 90,3%      | 28/31 | -9,7%    | 89,1%  | 4806/5370 | 1,2%     |
| 2.4. Líðan nemenda í kennslustundum að mati foreldra almennt       | 87,1%      | 27/31 | -12,9%   | 89,5%  | 4786/5338 | -2,4%    |
| 2.5. Líðan nemenda í frímínútum að mati foreldra almennt           | 90,3%      | 28/31 | -6,1%    | 87,7%  | 4660/5296 | 2,6%     |
| 2.6. Umfang eineltis í skólanum að mati foreldra                   | 9,7%       | 3/31  | -4,1%    | 10,5%  | 559/5309  | -0,8%    |
| 2.7. Ánægja foreldra með úrvinnslu skólans á eineltismálum         | 83,3%      | 5/6   | 8,3%     | 52,4%  | 476/906   | 30,9%    |
| 2.8. Ánægja foreldra með hraða á úrvinnslu skólans á eineltismálum | 66,7%      | 4/6   | 16,7%    | 50,3%  | 443/891   | 16,4%    |
| 2.9. Ánægja foreldra með eineltisáætlun skólans                    | 91,7%      | 22/24 | -1,2%    | 73,3%  | 2188/2951 | 18,4%*   |
| 2.10. Meðaltímabil eineltis  | 1,9        | 7     | -0,3     | 1,4    | 1.015     | 0,5      |

2.4. Líðan nemenda í kennslustundum að mati foreldra almennt – Röðun




3.2. Ánægja foreldra með máltíðir í mataráskrift – Röð



## Þáttur 9 - Samstarf, virkni heimila og skóla

Samvinna heimila og skóla er metin á jákvæðan hátt eins og fram hefur komið hér að ofan. Virkni heimila er lítil er varðar heimanám og ber að taka fram að ekki er ætlast til mikils heimanáms í Valsárskóla fyrir utan lestur.

5.4. Tími sem foreldrar aðstoða við heimanám – Röðun\*



## Innra mat

### Þáttur 10 - Framkvæmd innra mats

Innra mat er virkt í skólanum og metur starfsfólk reglulega ýmsa viðburði og fleira. Í vor mátu og ræddu kennarar stefnu skólans á svipaðan hátt og þeir meta viðburði. Þá er farið yfir hvað gengur vel, hvað getum við bætt og hvað þurfum við að gera/vantar okkur til þessa að geta gert betur. Skólapúls er lagður árlega fyrir nemendur í 6. - 10. bekk, annað hvert ár fyrir foreldra og annað hvert ár fyrir starfsfólk. Skólaráð fundar þrisvar á ári og hefur m.a. það hlutverk að fara yfir og hafa eftirlit með innra mati. Niðurstöðurnar og innramatsskýrsla er á heimasíðu skólans þannig að allir geta kynnt sér bæði helstu kannanir og skýrsluna.

## Lokaorð

Við sem störfum í Valsárskóla viljum þakka öllu skólasamfélaginu fyrir skólaárið 2022-2023 og við hlökkum til að takast á við nýtt skólaár eftir sumarleyfi. Við erum þakklát og glöð með þá velvild sem við upplifum gagnvart skólanum.